

Fundur í fjallskiladeild Auðkúluheiðar haldinn í Dalsmynni 17.febrúar 2009.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
 2. Skýrsla fjallskilastjóra.
 3. Almennar umræður og önnur mál.
 4. Fundarslit.
-
1. Jón setti fund og skipaði Gísla fundarstjóra og Inga fundarritara.
 2. Jón fór yfir uppgjör deildarinnar fyrir haustið 2008. Varð afgangur 256.875.- kr. Hann taldi smalamennskur í heild hafa gengið vel. Þá gat hann um lagfæringu á bílaplani við réttina og lagningu göngustígar að almenningi. Hann sagði að samkvæmt reglugerð verði réttað 12. September næsta haust og bað fólk að tjá sig þar um.
 3. Sigurður Árnason telur seint að rétta 12. September vegna nýtingar á kálbeiti. Jóhann Guðmundsson tók í sama streng. Jón Kristófer var líka sama sinnis. Þorsteinn á Geithömrum telur smalamennskur í vestanverðum Svínadal í ólestri og ráða verði bót á. Hann vill flýta göngum. Fjallskilastjóri tók undir með Þorsteini um smalamenskurnar og fór nánar yfir dagsetningar réttardaga. Magnús í Miðhúsum tók til máls og sagði Sauðadal afréttarland eins og allir vissu og hann yrði að smala sem slíkan. Hann sagðist ekki andvígur flýtingu gangna. Þorleifur í Sólheimum vildi flýta göngum og viðraði hugmynd um að nýta hrossahólfið fyrir fé til sumarslátrunar.

Kaffihlé.

Fjallskilastjóri tók til máls og ræddi um smíði á hring inni Auðkúluvétt. Óskaði eftir álitum fundarmanna á greftri á riðufé, af öðrum varnarsvæðum, í landi Hamars. Einnig á gangnamati. Halldór í Holti hvatti til áframhaldandi lagfæringar umhverfis Auðkúluvétt. Fundarmenn voru sammála höfnun hreppsnefndar á flutningi riðufjár inn á svæðið.

Fundargerð upp lesin.

Fundi slitið.

Sig. Ingi Guðmundsson.